Nr. 4.
26.
febr.

# Lög

um

bólusetningar.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Hvert barn skal bólusetja áður en það er fullra 7 ára, nema það hafi fengið bólusótt. Endurbólusetning skal fram fara á aldrinum 20—25 ára.

Innan árs frá þeim degi, er lög þessi öðlast gildi, skal bólusetja öll ófermd börn, sem eigi hafa verið bólusett eða fengið bólu, svo og alla á aldrinum 20—25 ára.

Óhlýðni gegn ákvæðum greinar þessarar skal sæta allt að 20 kr. sektum, og sje það barn, er í hlut á, greiða foreldrar þess eða húsbændur sektina.

2. grein.

Hjeraðslæknar og aukalæknar skulu hafa bólusetning á hendi hver í sínu hjeraði Nú þykir lækni þörf á, að fá skipaða aðstoðarbólusetjara í hjeraði sínu, og ritar hann þá landlækni um það mál. Þyki landlækni ástæða til, ritar hann amtmanni tillögur sínar, og gefur hann þá út skipunarbrjef þau, er um er beðið.

Ef bólusetjari vanrækir skyldur sínar, varðar það sektum, allt að 100 kr.

3. grein.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, þá er hlutaðeigandi læknir skorar á þær, grennslast eptir, hvort bólusett hafi verið í hreppnum eða bæjarfjelaginu samkvæmt 1. gr., og senda lækni skýrslu um eptirgrennslunina.

Verði hreppsnefnd eða bæjarstjórn þess vís, að bólusetjari hafi vanrækt skyldu sína, skal hún kæra hann fyrir lögreglustjóra þar á staðnum.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 4.
26de
Febr.

om

## Indpodning af Kokopper.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

**Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:**

§ 1.

Ethvert Barn, der ikke har havt de naturlige Kopper, skal inden opnaaet 7 Aars Alder være indpodet med Kokopper. Genindpodning skal foregaa i 20—25 Aars Alderen.

Alle ukonfirmerede Børn, som ikke have været indpodede eller havt de naturlige Kopper saa vel som alle i 20—25 Aars Alderen skulle være indpodede inden 1 Aar, regnet fra den Dag, da denne Lov træder i Kraft.

Ulydighed imod denne Paragrafs Bestemmelser straffes med en Bøde af indtil 20 Kr., og er vedkommende et Barn, erlægges Bøden af vedkommende Forældre eller Husbond.

§ 2.

Distriktslægerne og Ekstralægerne skulle udføre Kokoppeindpodningen hver i sit Distrikt. Finder en Læge det fornødent at erholde Hjælpevakcinatører avtoriserede i sit Distrikt, tilskriver han Landfysikus om Sagen. Finder Landfysikus Andragendet begrundet, indstiller han Sagen til vedkommende Amtmand, der da udfærdiger de begærte Avtorisationer.

Dersom en Vakcinatør forsømmer sine Pligter, straffes han med en Bøde af indtil 100 Kr.

§ 3.

Repsforstanderskaber og Bybestyrelser skulle paa vedkommende Læges Anmodning undersøge, om Kokoppeindpodning har fundet Sted i Reppen eller Købstadkommunen i Overensstemmelse med § 1 og sende Lægen Beretning om Undersøgelsen.

Kommer et Repsforstanderskab eller en Bybestyrelse til Kundskab om, at en Vakcinatør har forsømt sin Pligt, har den at indgive Anmeldelse herom til Stedets Politimester.

Nr. 4. 26. febr. Eigi má barn ferma fyr en það hefur bólusett verið. Þrjózkist foreldrar eða aðrir hlutaðeigendur við, að sýna presti vottorð um, að barn, er hann býr undir fermingu, sje bólusett, á hann að skýra lögreglustjóranum frá því, en hann rannsakar málið, og verði það ljóst, að barnið hafi ekki verið bólusett, skipar hann þeim, er í hlut á, að annast um, að barnið verði bólusett innan þess frests, er hann setur, að viðlagðri 5 kr. sekt fyrir hvern mánuð, er skipuninni er eigi hlýtt.

4. grein.

Nú verður vart við bólusótt á einhverjum stað eða svo nálægt, að óttast má, að sýkin berist þangað, og skal þá lögreglustjóri eptir tillögum hlutaðeigandi læknis skipa svo fyrir, að sjerhver þar á staðnum, er eigi sannar þegar í stað, að hann hafi verið bólusettur eða fengið bólu á síðustu 5—10 árum, láti bólusetja sig innan tiltekins frests, er hann setur, að viðlagðri 2 króna sekt fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast skipuninni. Bólusetjarinn er skyldur að koma þangað áður fresturinn er útrunninn. Snerti ráðstafanir þessar að eins einstök heimili, skal fyrirskipunin birt þeim, er í hlut eiga eða, ef um börn er að ræða innan 15 ára, foreldrum þeirra eða húsbændum, en sjeu ráðstafanirnar víðtækari, skal fyrirskipanin auglýst opinberlega, og í auglýsingunni, er birta skal eins og venja er til um yfirvalda auglýsingar þar á staðnum, skal nánar kveðið á um takmörk þess svæðis, er ráðstafanirnar ná yfir.

5. grein.

Lögreglustjóri getur eptir tillögum læknis leyft, vegna vanheilsu þess er í hlut á, að fresta bólusetningunni; neiti lögreglustjóri um frestinn, skal málinu skotið til æðri yfirvalda.

6. grein.

Sönnun fyrir því, að maður hafi bólusettur verið, er bólusetningarvottorð, gefið út eptir fyrirmynd, er landshöfðingi skipar fyrir, og undirskrifað af bólusetjara þeim, er setti manni bóluna. Sje eigi hægt að fá slíkt vottorð, má til sönnunar nota vottorð, undirskrifað af löggiltum lækni, um að hlutaðeigandi beri ótvíræð ör eptir bólusetningu eða bólu. Verði slíkt vottorð heldur ekki fengið, verður að bólusetja að nýju.

7. grein.

Þá, er bólusettir eru að tilhlutun hins opinbera, skal skoða eptir á, og er bólusetjaranum heimilt að taka úr þeim búluefni. Opinberar bólusetningar og skoðanir eptir á skulu fara fram að minnsta kosti á einum stað í hverri kirkjusókn. komi menn eigi til skoðunar eptir á eða færist undan því að láta taka úr sjer bóluefni, varðar það 1—10 kr. sektum. Sje hinn bólusetti innan 15 ára, greiða foreldrar hans eða húsbændur sektina.

Landshöfðingi skipar nánar fyrir um opinberar bólusetningar og skoðanir eptir á.

8. grein

Kostnaður við opinberar bólusetningar greiðist úr landssjóði. Bólusetjarinn fær 25 aura fyrir hvern þann, er hann bólusetur eða endurbólusetur og bólan kemur út á, og getur hann þá hinum bólusetta bólusetningarvottorð án sjerstakrar borgunar.

Intet Barn maa stedes til Konfirmation, før end det er blevet indpodet. Undlade Forældre eller andre vedkommende at forevise Præsten Attest om, at et Barn, som af ham forberedes til Konfirmation, er indpodet, skal han gøre Anmeldelse derom til Stedets Politimester, som derefter har at undersøge Sagen, og saafremt Barnet befindes ikke at være indpodet, at give vedkommende Paalæg om inden en af Politimesteren fastsat Frist og under en Bøde af 5 Kr. for hver Maaned, Paalæget oversiddes, at foranstalte Indpodningen foretaget. Nr. 4. 26de Febr.

§ 4.

Naar de naturlige Kopper vise sig paa et Sted eller i saadan Nærhed af Stedet, at Koppesmittens Indbringelse er at befrygte, skal Politimesteren efter Indstilling fra vedkommende Læge paabyde, at enhver paa Stedet, som ikke straks godtgør at have været indpodet med Kokopper eller havt de naturlige Kopper i de sidste 5—10 Aar, inden en af Politimesteren sat Frist skal være indpodet med Kokopper under en Bøde af 2 Kr. for hver Dag, det givne Paabud oversiddes. Vakcinatøren er forpligtet til at indfinde sig paa Stedet, inden denne Frist udløber. Naar Foranstaltningen indskrænker sig til enkelte Hjem, sker Paabudet ved Paalæg til de vedkommende eller forsaavidt angaar Børn under 15 Aar, til Forældre eller Husbond; skal Foranstaltningen derimod udstrækkes til en større Kreds, sker Paabudet ved offentlig Bekendtgørelse, der nærmere angiver Kredsens Grænser, og paa den for Øvrighedsbekendtgørelser paa Stedet brugelige Maade bringes til almindelig Kundskab.

§ 5.

Opsættelse med Indpodning kan af Hensyn til vedkommendes Helbredstilstand bevilges af Politimesteren efter Erklæring af en autoriseret Læge; i Tilfælde af Nægtelse forelægges Sagen for højere Øvrighed.

§ 6.

Som Bevis for, at én Person har været indpodet med Kokopper, gælder en af den Vakcinatør, som har foretaget Indpodningen, underskreven Koppeattest, udfærdiget i den Form, som af Landshøvdingen foreskrives. Hvor saadan Attest ikke kan tilvejebringes, benyttes et af en autoriseret Læge underskrevet Vidnesbyrd om, at vedkommende bærer utvivlsomme Ar efter Kokopper eller naturlige Kopper. Kan heller ikke saadant Vidnesbyrd fremskaffes, maa Indpodningen gentages.

§ 7.

Af dem som ere indpodede ved offentlig Foranstaltning, skal et Eftersyn finde Sted, ved hvilket Vakcinatøren er berettiget til at tage Koppevædske af de indpodede. Offentlig Indpodning og Eftersyn skal udføres i det mindste et Sted i hvert Kirkesogn. Udeblivelse fra Eftersynet og Vægring ved at tilstede Vakcinatøren at tage Koppevædske straffes med Bøder fra 1—10 Kr., hvilken Straf, naar den indpodede er under 15 Aar, paalægges vedkommende Forældre eller Husbond.

De nærmere Regler for den offentlige Indpodning og Eftersyn foreskrives af Landshøvdingen.

§ 8.

Udgifterne ved den offentlige Kokoppeindpodning afholdes af Landskassen. For Indpodningen tilkommer der Vakcinatøren 25 Øre for hver indpodet eller genindpodet Person, paa hvem Indpodningen har slaaet an, og meddeles der da den indpodede Indpodningsattest uden særlig Betaling.

Nr. 4. 26. febr. Þegar opinber bólusetning fer fram, getur hver sá, er þess æskir, látið hlutaðeigandi bólusetjara endurbólusetja sig, en greiða verður hann þá sjálfur borgunina.

Skylt er sveitarfjelögum að láta bólusetjurum ókeypis í tje hæfileg húsakynni til bólusetninga.

9. grein.

Landlæknir lítur eptir, að læknar hafi jafnan nægar birgðir af bóluefni frá bólusetningarstofnuninni í Kaupmannahöfn. Læknarnir skulu og sjá um, að aðstoðarbólusetjarar þeir, er skipaðir eru þeim til hjálpar, hafi gott bóluefni.

Hver bólusetjari, er tekur sjálfur bóluefni úr öðrum, skal leggja alla stund á að halda því hreinu og ósviknu. Einkum verður hann að gæta þess vandlega, að nota eigi bóluefni úr öðrum en þeim, sem hann hefur fullvissað sig um, að sjeu heilsuhraustir. Úr börnum yngri en þriggja mánaða má eigi taka bóluefni og eigi heldur úr endurbólusettum.

Engan, hvorki barn nje fullorðinn, er hafa eða grunur leikur á að hafi einhvern næman sjúkdóm, má bólusetja eða endurbólusetja öðruvísi en með bóluefni úr pípum, og má eigi framar nota afganginn af þeim vökva, og bólusetningarverkfærið skal glóhita í eldi, áður það er notað aptur. Nú gætir bólusetjari eigi tilhlýðilegrar varkárni við bólusetning og verður þess valdandi, að næmur sjúkdómur berst á heilbrigða menn, og sætir hann þá 50—200 kr. sektum, enda sje eigi þyngri refsing lögð við eptir almennum fyrirmælum laganna. Sje það embættislæknir, er slíkt gerir, getur það varðað hann embættismissi, ef miklar sakir eru.

10. grein.

Landshöfðingi getur í samráði við landlækni fyrirskipað almenna endurbólusetning um land allt, þegar sjerstakar ástæður eru til.

11. grein.

Með mál um brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

12. grein.

Konungsbrjef 18. júlí 1821 og 24. marz 1830 eru úr gildi numin.

13. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1899.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 26. febrúar 1898.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Rump.*

Enhver, som ønsker det, kan til de Tider, paa hvilke den offentlige Indpodning foregaar, blive genindpodet af vedkommende Vakcinatør, men udreder da selv Betalingen derfor.

Til Foretagelse af Kokoppeindpodning er Kommunen pligtig at anvise Vakcinatøren et passende Lokale vederlagsfrit.

§ 9.

Landsfysikus har at føre Tilsyn med, at Lægerne altid ere forsynede med tilstrækkelig Koppevædske fra den kongelige Kokoppeindpodningsanstalt i Kjøbenhavn. Ligeledes bør Lægerne paase, at de dem adjungerede Hjælpevakcinatører ere forsynede med god Koppevædske.

Enhver Vakcinatør, som selv besørger Koppevædskens Forplantelse, bør af yderste Evne vaage over, at Vædsken holder sig ægte og ren. Han bør navnlig anvende den største Omhu for, kun at benytte Koppevædske af Børn, om hvis almindelige Sundhed han har forvisset sig. Af Børn under 3 Maaneders Alder maa der ikke tages Koppevædske til Forplantelse, ej heller af genindpodede.

Enhver, Barn eller voksen, som lider af eller er mistænkt for smitsom Sygdom, maa kun indpodes og genindpodes med Koppevædske af Rør, og Restbeholdningen af denne Koppevædske maa ikke mere benyttes. Indpodningsredskabet skal udglødes, forinden det atter bruges. Den Vakcinatør, som ved ikke at iagttage tilbørlig Forsigtighed ved Koppeindpodningen, bliver Skyld i, at en smitsom Sygdom ved denne overføres til sunde Personer, straffes med Bøder fra 50—200 Kroner, forsaavidt ikke større Straf er forskyldt efter Lovgivningens almindelige Forskrifter. Er han Embedslæge, kan Straffen under skærpende Omstændigheder stige til Embedsfortabelse.

§ 10.

Naar særlige Grunde tale derfor, kan Landshøvdingen efter Samraad med Landsfysikus paabyde en almindelig Genindpodning over hele Landet.

§ 11.

Sager angaaende Overtrædelse af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

§ 12.

Reskript af 18de Juli 1821 og 24de Marts 1830 ophæves.

§ 13.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1899.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 26de Februar 1898.**

---

**Ministeriet for Island, den 26de Februar 1898.**

*Rump.*

*Ólafur Halldórsson.*